

„Við skulum ala á hatri eða fara forgörðum ella.“ Gleðilega Þjóðhátíð

Loft er lævi blandið hvarvetna. Hatur, hatur og meira hatur! Veröldin stefnir í bál og brand einu sinni enn. Rússar hafa verið útnefndir sem fyrsti fjandi Íslendinga og annarra Natóríkja. Það er í sífellu alið á hatri gagnvart þeirri miklu menningarþjóð. Í RÚV og fleiri fjölmiðlum Vesturlanda kveður við áróðursíbylja. Stríðsbrjálæðingarnir þurfa á fjanda að halda.

Hatursáróðurinn í dag minnir um margt á áróðurinn gegn Þjóðverjum áður. Auðjöfrar meðal Gyðinga sögðu Þjóðverjum stríð á hendur á millistríðsárunum. Nokkrum árum síðar tældu hernaðarauðjöfrar Bandaríkjamanna Japana til árása á Perl Harbour undir forustu Franklin Delano Roosevelt (1882-1945). Þannig var hatur Bandaríkjamanna leyst úr læðingi og beint gegn Þjóðverjum og Japönum, bandamönnum þeirra.

Bandaríkjamenn lögðu mikla elju og alúð í áróður sinn. Menningar- og fræðaherdeild var stofnuð í því sambandi, „Rithöfundastríðsnefndin“ (Writers War Board).

Fjármálaráðherra ríkisstjórnarinnar, Gyðingurinn, Henry Morgenthau (1891-1967), hafði veg og vanda af nefndinni. Hann hafði einnig sérstakan áhuga á því að rústa iðnaði Þjóðverja (sbr. Morgenthau Plan). Nú hafa Bandaríkjamenn endurtekið leikinn.

Rithöfundurinn, Rex Stout (1886-1975), var fenginn til að veita nefndinni forstöðu. Hann lýsti yfir í magnaðri grein með titlinum; „Við skulum ala á hatri eða fara forgörðum ella“ (We Shall Hate, or We Shall Fail):

„Hatrið, sem ég á við, er djúprætt og langrækin tilfinning gagnvart Þjóðverjum sökum villidýrslétrar árásar þeirra á réttindi og virðingu manna; andstyggt vegna grimmdarlega árása á fólk og eigur hinna saklausu og góðviljuðu [sem og] fyrirlitning vegna hrokafullrar og ósvífinnar kenningar um þýska ofurmennið.“ ...

„Ég hata Þjóðverja og skammast mín ekki fyrir það. Í ljósi dáðanna, sem þeir hafa drýgt og með tilliti til þess, sem landsmenn mínir eru tilbúnir til að gera þeim, myndi ég þvert á móti dauðskammast mín, ef ég hataði þá ekki.“ ...

„Adolf Hitler ætti ekki að koma á óvart. Glöggur nemandi þýskrar sögu hefði getað, [þegar] árið 1900, séð Hitler í burðarliðnum, fullkominn holdgerving andlegra kauna og djúprættar hugsýki þýsku þjóðarinnar.“ ...

Svona hugarórahatursspuna er auðvelt að spinna um allar þjóðir. Málið snýst venjulega um hagsmuni, græðgi, hugarfar og innræti.

Íslendingar fagna í dag fullveldi um áttatíu ára skeið. Lýðveldið fæddist, þegar hatrið, sem Rex Stout dásamar svo mjög, hafði leitt til tortímingar milljónatuga manna, m.a. hundruða Íslendinga.

Um þessar mundir blossar hatrið upp sem bölvað bál. Það bál þarf að slökkva umsvifalaust. Kjarnorkuvopn hafa verið dregin fram. Natóherir eru á leið til Úkraínu og Rússlands. Fólk er myrt tugþúsundum saman í Sómalíu, Kongó, Palestínu/Ísrael og Úkraínu.

Við stofnun fullveldisins var lofað ævarandi hlutleysi, friðarvilja og sáttfýsi íslensku þjóðarinnar. En stjórnámálamenn hennar brugðust.

Gefum okkur gjöf. Losum okkur við stríðshaukanna á Alþingi og í ríkisstjórn, segjum okkur úr stríðsbandalaginu, Nató, lýsum aftur yfir hlutleysi, berum klæði á vopnin, leggjum til gott orð og gjörning. Látum anda Þorgeirs Ljósvetningagoða svífa yfir vötnum.

Börn okkar og barnabörn eiga það skilið, heimsbyggðin öll.

<https://www.realnewsandhistory.com/hating-germany/>

<file:///C:/Users/arnar/Downloads/85071898.pdf>